



Innsetningarræða
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. ágúst 1984

Góðir Íslendingar og erlendir fulltrúar,

Í sögu íslenska lýðveldisins hefur hinn 1. ágúst fjórða hvert ár verið dagur þeirra tímamóta er forseti Íslands vinnur drengskaparheit um að hafa í heiðri stjórnarskrá lýðveldisins, þá undirstöðu sem þjóðskipulag og réttarskipun er byggð á, dýrmæta sameign þjóðarinnar sem kveður fast á um einstaklingsfrelsi og lýðræði.

Á þessum degi er mér, sem einstaklingi, efst í huga að þakka það traust sem þjóð mín sýnir mér með því að fela mér á ný að gegna miklu trúnaðarembætti til enn ókominna fjögurra ára, embætti forseta Íslands. Ég þakka árnaðaróskir Hæstaréttar Íslands, Alþingis Íslendinga, ríkisstjórnar, biskups Íslands og ótal aðrar hlýjar kveðjur sem borist hafa víða að, hér heima og erlendis frá. Í þeim felast heillaóskir til þjóðarinnar allrar því ekki fær forseti Íslands búið við hamingju ef þjóð hans á við óhamingju að stríða.

Það má öllum ljóst vera að það er mikil og óvenjuleg lífsreynsla að gegna embætti forseta þjóðar sinnar. Með hverjum þeim sem tekur við því embætti hlýtur að búa einlæg von um að komast frá því áfallalaust. Enginn getur fyrirfram fyllilega gert sér grein fyrir því hvernig það starf er og hvað í því kann að vera fólgið fyrir utan þau embættisverk sem um er getið í stjórnarskránni. Til forsetastarfa er hvergi hægt að læra á skólabekk. Þau verða að fara fram í samhljómi við þjóðina sjálfa, á þeim strengjum sem kunna að eiga sér enduróm hverju sinni. Fegnastur hlýtur forseti landsins ávallt að vera þegar honum við störf sín tekst að slá á þá strengi að þjóðin finni ekki í þeim hjáróma tón.

Þegar ég stóð hér við embættistöku fyrir fjórum árum, hygg ég, að tiltölulega fáir hafi gert sér fulla grein fyrir að Íslendingar höfðu þá brotið blað í mannkynssögunni, með því að velja konu sem forseta lands síns fyrstir allra í almennum kostningum. Þau fjögur ár sem ég hef verið í þessu embætti hafa mjög mótast af því að aðrar þjóðir veittu þessu athygli og gerðu úr talsvert mál. Fyrir þær nýjungar í fjölmiðlatækni að fréttir geysast um heiminn – og oft á tímum fréttir sem ekki ættu að vera í frásögu færandi – skapaðist ný forvitni um Ísland og íslenska þjóð, sem þótti hafa sýnt nokkra dirfsku. Fleiri þjóðir en áður vildu meira um eylandið í Norðurhöfum vita og treysta vináttubönd. Mikið hefur verið gengið eftir nærveru forseta Íslands sem fulltrúa þjóðar sinnar – og stundum Norðurlandanna allra – reyndar miklu oft en komið hefur verið til móts við. Með góðri ráðgjöf ríkisstjórnar og embættismanna hafa þjóðir verið heimsóttar sem vér Íslendingar höfum haft aldagömul menningar- og viðskiptatengsl við. Ég á góðar minningar úr þessum ferðum, ekki síst með þakklæti í huga til þeirra forráðamanna þjóðarinnar sem með hafa verið og reynst sem bestu vinir og bræður að eiga að baki.

En öllum þeim sem falið er að búa á Bessastöðum trúi ég þó að sé ávallt hugleiknara að vera með sínu fólki, sinni þjóð. Heima í eigin landi, á heimilinu góða á Álftanesi eða með öndvegisfólki utan þess hvar sem er í landinu. Gestrisni og vinátta, rausn og menningarbragur í hvívetna, hvar sem tekið hefur verið á móti forseta landsins er og verður mér ógleymanlegt og sannkölluð uppspretta gleði. Ég veit að svo var einnig um forvera mína í embætti forseta.

Það fór vel á því þegar farið var að huga að Lýðveldisstofnun fyrir rúmum 40 árum að velja Bessastaði sem þjóðarsetur. Þar fléttast saman í heild þjóðarminningar allt aftur til miðalda, – minningar um erlenda valdamenn á Íslandi, niðurlægingu og dapra tíð í þjóðarsögunni og svo þar á móti minningar um menn sem með einarðri þjóðernisvitun eygðu birtu sjálfstæðis og gáfu líf sitt og orku til að vekja þjóð sína til dáða.

Allir þeir sem koma í gömlu Bessastaðastofu, sem reist var fyrir 220 árum, hljóta að finna hið sögulega andrúmsloft sem þar ríkir. Um vistarverur þar gengu námsmenn í Bessastaðaskóla á fyrri hluta síðustu aldar, helstu stórskáld okkar og miklar hugsjónahetjur um framtíð Íslands. Framsýn þeirra var mikil í fullvissu um að frjáls myndi þjóðin rétta úr örbirgð og nýta vitsmuni sína til góðrar afkomu og mannlífs sem eftirsóknarvert væri. Þeim hefur í öllu orðið að spá sinni, þótt sveiflur séu í þjóðarbúinu á stundum.

Með þakklæti og virðingu leitar hugurinn einnig til fyrri forseta Íslands. Allir hafa þeir og makar þeirra setið Bessastaði með mikilli sæmd, mótað embættið og lagt grunn að því þjóðarheimili sem Bessastaðir eru nú. Fyrsti forseti Lýðveldisins var Sveinn Björnsson sem ásamt frú Georgíu Björnsson konu sinni bjó á Bessastöðum til dauðadags 1952. Annar forseti Lýðveldisins, Ásgeir Ásgeirsson og kona hans frú Dóra Þórhallsdóttir, réðu þar húsum til 1968, en frú Dóra féll frá nokkru áður en embættistíð Ásgeirs forseta lauk og svo forverar mínir, dr. Kristján Eldjárn og frú Halldóra Ingólfssdóttir, sem áttu þar heimili frá 1968 til ársins 1980. Dr. Kristján féll frá haustið 1982, langt um aldur fram. Lítil þjóð hefur illa ráð á að missa sína bestu menn svo fljótt.

Á tímamótum leitar hugurinn einatt víðar en ella. Ég vildi á þessari stundu mega staldra við og hugleiða með Íslendingum þá mynd sem þjóðin geymir í vitund sinni af sjálfri sér, í hverju hún er fólgin og hverjir eru höfuðdrættir hennar.

Allar þjóðir eiga sér sjálfsmynd, sem ofin er úr mörgum þráðum. Einn aðalþráðurinn er fullvissa um hvar maður á heima. Að fara burt, þó ekki sé nema af bæ, og rata heim aftur. Á hverju skyldi sú ratvísi byggjast, – ratvísi Íslendinga, hvar sem hann er staddur í veröldinni, *heim* til Íslands? Það má engum óljóst vera að hið eina sanna sameiningartákn Íslendinga birtist í orðum skáldsins góða; ný sannindi og gömul í senn:

Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,
þér var ég gefinn barn á móðurkné;
ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,
þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.

Maður og land, maður og tunga, maður og minningar um land og sögu, skráðar á eina tungu. Það er fjöregg sem Íslendingum hefur verið falið að varðveita og gefur oss þjóðerni, frjálsri þjóð í frjálsu landi meðal virtra þjóða heims.

En fjöregg eru brothætt og þjóðernisvitund landsmanna ætti einatt að vera vakandi fyrir því sem gæti brotnað og týnst ef ekki er farið með gát. Enda þótt landið

sé gjöfult og gott er það svo afar auðsært, að ganga verður varlega um það í hverju fót máli. Því léttar sem stigið er til jarðar, því fegnara og þakklátara er þetta land, sem í senn eru eign vor og eigandi, og á engan betri að en vin sinn, þjóð sína til að græða sárin, þegar hinir fornu féndur hafa farið um – eldur, ís eða snarpir vindar.

Vér eigum orðríka tungu og þann munað að skilja saman blæbrigði hennar betur en nokkur annar. Íslensk þjóð er víða kunn fyrir að hafa haldið þessari tungu við. En hún er ekkert sameiginlegt leyndarmál þjóðarinnar. Með íslenskri tungu hafa skáld Íslendinga sagt stórbrotnar sögur af manningum og mannlegum samskiptum með margvíslegum fléttum um aldir, sem aðrar þjóðir hafa allt frá upphafi Íslandsbyggðar vitað af. Listamenn og hugvitsmenn verkmenningar hafa skapað verk sín með hugsun á þessari tungu. En það er með tunguna eins og landið. Þjóðernisvitund landsmanna verður að vera á varðbergi svo hún verði ekki uppblástri að bráð við ágengni nýrra tíma og nýrra síða. Orðin geta eins og gróðurinn blásið burt, fyrnst og týnst. Og það eru gömul sannindi að það tekur margfaldan tíma að rækta upp aftur það, sem lagt hefur verið í auðn, án þess að menn veiti því athygli frá andartaki til andartaks, sem ekki sýnist svo mikilvægt og dýrmætt fyrr en litið er til baka og það hefur runnið inn í liðna tíma.

Mál er manns aðall. Hið frjálssa orð verður aldrei fullmetið – og fyrir það ber að þakka. Enginn getur allar stundir talað svo öllum líki. Í því felst sá ómetanlegi auður að sérhver Íslendingur á það frelsi að fá að vera með sínu sniði og þann þjóðfélagsrétt að flytja skoðun sína í heyranda hljóði þegar honum sýnist. Þetta mikla og dýrmæta frelsi verður aldrei ofmetið. Biðja þarf þó hvern mann í sambúð sinni með hinu frjálssa orði að beita aðhaldi svo orð verði ekki fánýt, að sleppa ekki fram af sér beisli heldur reyna að halda í tauminn við ótemju hleypidóma eða heiftar með stóryrðum sem glata merkingu séu þau ofnotuð. Því að þegar frelsið er orðið hömlulaust, er það ekki lengur sá eðalsteinn sem lýsir af heldur ófrjó mold sem ekkert fær vaxið í eða kviksandur þar sem enga staðfestu er að finna. Frelsi til orðs og æðis er gulls ígildi. Það verður aldrei metið til fjár og má aldrei selja fyrir peninga. Þess munu fá dæmi að frelsi hafi fengist aftur keypt fyrir veraldlegan auð.

Þannig er sjálfsmynd Íslendinga þjóðerniskennd sem eflir til sameiginlegra dáða og aldrei má rugla saman við né beita sem þjóðarrembu. Þjóðerniskennd er alla daga verðugt umhugsunarefni, því afkoma sjálfstæðrar þjóðar á miklum breytingartímum er henni undirorpin. Sérhver dagur sem vér lifum er boðberi nýrra tíma. Smáþjóð hér norður í höfum verður stöðugt að taka afstöðu til allra nýjunga heimsbyggðarinnar – svo og til þeirra nýjunga sem hugvitsmenn þjóðarinnar færa henni og þá jafnframt heimsbyggðinni. Ekkert í heiminum er eins og í dag og það var í gær. Allir menn hljóta á líðandi stundu að hugsa í ljósi þess sem var í gær. Á hverjum degi verður og að undirbúa morgundaginn og framtíðina til lengri tíma.

Mér verður að sjálf sögðu hugsað til æsku landsins, sem ég ber til djúpan kærleika og ber sérstaklega fyrir brjósti. Metnaður allra hlýtur að vera að leggja rækt við æskuna, sem þarf að finna sér sömu samsemd og þjóðarvitund í landinu og fullproska fólk telur sig eiga. Það er eins með mannveruna og landið og þjóðtunguna. Hún má aldrei smækka né tærast upp fyrir vanrækslu. Við gnótt nútímans, þegar alheimsmyndin, góð sem vond, er komin inn á svo til hvert íslenskt heimili, ber að gæta þess hversu miklum tíma á að sóa í að gleypa gagnrýnislaust við öllu sem nýtt er. Þar er sameiginlegt átak til aukinnar þekkingar sterkasta vopnið.

Vitund þjóðarinnar má ekki slævast að því marki að hún gleymi að gera kröfur til sjálfrar sín, – þær kröfur að hún eigi að búa yfir jafn mikilli og ríkri þekkingu og

leikni til munns og handa og aðrar þjóðir. Þekking er lykill að þroska, þroski og þekking lykill að staðfestu.

Fyrir rúmri öld þegar skútusiglingar franskar voru í hámarki gekk út dreifibréf frá frönskum yfirvöldum til allra franskra sjómanna á Íslandsmiðum. Þar voru þeir upplýstir um verðuga umgengnisháttu við íslenska þjóð sem á þeim tíma átti hvorki háhýsi né myndarlega byggðarkjarna, enga fjármuni yfirleitt. Í þessu bréfi var brýnt fyrir öllum að varast þá freistni að taka ófrjálstri hendi nokkuð úr búi Íslendinga, kvikfénað eða fiðurfé, því enda þótt þeir væru fáir og lítils megnugir og svo sýndist sem þeir gengju til verka út úr grasivöxnum hólum sem væri húsakostur þeirra, væru þeir allir læsir og vel upplýstir. Þeim væri því létt að lesa og skjalfesta nöfn skipa og kvarta yfir áreitni til yfirvalda. Slíka umsögn sem þessa má víða finna í heimildum fyri tíma um menntun Íslendinga og kunnáttu.

Um leið og ég bið þess og vænti að vér Íslendingar megum ávallt finna í landinu alla kosti mannlægs lífs, á ég enga ósk betri þjóðinni til handa en þá, að um hana verði fjallað um alla framtíð af slíkri virðingu.

Guð blessi land vort og þjóð.